

Skútustaðahreppur
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík 26. apríl 2018
UST201803-005/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011 – 2023 - breyting – Jarðböð - Jarðbaðshólum

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skútustaðahrepps á svæði Jarðbaða í Jarðbaðshólum. Um leið barst einnig til umsagnar tillaga að breytingu á deiliskipulagi sama svæðis.

Skipulagssvæðið

Í breytingartillögu aðalskipulags kemur fram að jarðböðin eru manngerð náttúruböð sem nýta skiljuvatn frá Bjarnarflagsvirkjun. Einnig kemur fram að fyrirhuguð uppbygging rúmar nýtt þjónustu- og baðhús, nýtt þrepaskipt baðlón, gistirými og tengibyggingu, og að tillagan gerir ráð fyrir byggingarmagni að hámarki 11.700 m² og að baðlónið verði 4000 – 5000 m².

Breyting á greinargerð

Í umfjöllun um breytingar á greinargerð kemur fram að lóðarstærð er leiðrétt úr 1,9 ha í 10 ha. Einnig er landnotkun breytt úr svæði fyrir þjónustustofnanir í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð eru fágætar jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013, fágætur jarðhitagróður og sprungur á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir það að slíkar náttúruminjar hafa verið kortlagðar, standa utan byggingarreita og að áætlaðar breytingar muni ekki hafa áhrif á þær.

Umhverfismat

Lykt og loftgæði

Í umfjöllun um lykt og loftgæði kemur fram að þar sem skipulagssvæðið er í nágrenni Bjarnaflagsvirkjunar megi ætla að styrkur brennisteinsdíoxíðs sé hærri en á öðrum

svæðum. Einnig kemur fram að áhrifin séu óviss þar sem ekki liggja fyrir mælingar á svæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að reglugerð nr. 390/2009, um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum fjallar eingöngu um mengun á vinnustöðum þar sem efni sem fjallað er um í reglugerðinni myndast eða eru notuð. Þannig að sú reglugerð gildir einungis fyrir starfsmenn þess fyrirtækis sem losar viðkomandi mengun. Fyrir starfsmenn annara fyrirtækja sem ekki losa viðkomandi efni gilda sömu mörk og fyrir almenning. Fyrir starfsmenn baðlónsins er því rétt að miða við reglugerð nr. 514/2010, um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllum í deiliskipulagstillögunni um lykt, loftgæði og mögulegar mælingar á loftgæðum er talað um styrk brennisteinsdíoxíðs. Þar hlýtur að hafa átt að standa brennisteinsvetni.


Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að eyða óvissu um mögulegan styrk brennisteinsvetnis á svæðinu og að það gæti verið gagnlegt fyrir rekstraraðila að hefja mælingar á brennisteinsvetni áður en virkjun rís í nágrenninu og jafnvel áður en stækkun við jarðböðin hefst.


Vatnsgæði og lífríki Mývatns og Laxár

Í umhverfismati er talið að áætluð breyting hafi óveruleg áhrif á vatnsgæði ef fylgt er eftir ströngum kröfum um meðhöndlun fráveituvatns í reglugerð um verndun Mývatns og Laxár og að í deiliskipulagi skuli setja skilmála um ofanvatn, grávatn og affallsvatn frá baðlóni. Umhverfisstofnun tekur undir þetta, en telur að skorti umfjöllun um hvernig botnþéttingu verði háttað í baðlóni sem áætlað er að stækki í um 4000 - 5000 m². Að mati stofnunarinnar þarf að koma fram hvort hætta sé á að lónsvatn sígi um botninn niður í grunnvatn, og geti þar með haft áhrif á það. Áætlaðar framkvæmdir eru á vatnsverndarsvæði Mývatns og Laxár, einnig er mikil lekt í hraunalögum á svæðinu og því telur stofnunin mikilvægt að gengið sé úr skugga um að vatn frá baðlóni fari ekki niður í grunnvatnið.

Í niðurstöðu matsskyldufyrirspurnar vegna núverandi baðlóns frá dags. 16. maí 2003 kemur fram að Skipulagsstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdanna verði vegna förgunar affallsvatns og sjónræn áhrif mannvirkja. Einnig telur Skipulagsstofnun að líklega muni affall baðvatnsins hafa óveruleg áhrif á grunnvatn, en telur engu að síður nauðsynlegt að framkvæmdaraðili fylgist með hugsanlegum breytingum á efnasamsetningu grunnvatns í nágrenninu í samráði við Umhverfisstofnun. Ekki er fjallað um það í umhverfismati hvort breytingar hafi orðið á efnasamsetningu grunnvatns í nágrenni baðlóns á rekstrartíma, en stofnunin telur að koma ætti fram hvort breytinga hafi orðið vart eða ekki.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur